



# Sálfræðipjónusta í Norðurþingi

## Hvaða málum sinnir sálfræðingur?

1. Sálfræðingur tekur aðeins mál að sér sem tilheyra skólapijónustu, úrræðinu Keldunni í félagspijónustu og barnaverndarmálum.

Hvernig á að sækja á um sálfræðipjónustu?

1. Ef óska á eftir sálfræðipjónustu eru allar umsóknir teknar fyrir á samráðsfundi, annað hvort hjá félagspijónustu eða barnavernd. Þar er tekin ákvörðun og í framhaldinu er gerð tilvísun (sniðmát í one) á nafni barnsins og afhent sálfræðing undirritað af vinnsluaðila mál
2. Ef skóli telur barn í þörf fyrir sálfræðiviðtöl fyllir hann út tilvísun um samstarf við félagspijónustu og sú tilvísun fer fyrir fund hjá félagspijónustu þar sem ákvörðun verður tekin. **Sá aðili sem heldur utan um málið hjá skóla- eða félagspijónustu gerir tilvísun um sálfræðiviðtal (sniðmát í one).**

## Sálfræðingur skal ekki hefja vinnslu í máli nema hafa útfyllt tilvísunarblað í höndunum undirritað af vinnsluaðila.

Sálfræðingur skal halda utan um vinnslu mála hjá sér, bóka viðtalsherbergi í stjórnsýsluhúsi ef þarf, boða í viðtöl og afboða, sjá um biðlista og skráningar í one.

**ATH.** annar háttur er á ef sálfræðingur hittir börn í skólanum á skólatíma, þá aðstoðar skólinn við að raða niður viðtalstímum.

Sálfræðingur skal vera í góðu samstarfi við vinnsluaðila mála og láta vita ef eitthvað breytist og skila lokaskýrslu af viðtölum loknum. Lokaskýrsla skal vera útprentuð, með haus og undirrituð.

